

## Samstarf leikskóla og grunnskóla í Árborg

<b>September – maí</b>	Leikskóla- og grunnskólakennrar fara a.m.k. einu sinni í heimsóknir á milli stiga. Markmiðið er að sjá hvað er verið að gera á hvorum stað.	Haft er samband við deildarstjóra grunnskóla eða aðstoðarleikskólastjóra leikskóla.
<b>Október</b>	* Nemendur í 1. bekk grunnskóla fara í heimsóknir í gamla leikskólann sinn. Stefnt skal að fyrstu viku októbermánaðar.	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna.
<b>Nóvember</b>	* Önnur heimsókn nemenda 1. bekkjar grunnskóla í gamla leikskólann sinn. Heimsóknin fer fram í síðustu viku nóvembermánaðar.	Deildarstjórar grunnskóla hafa samband við aðstoðarleikskólastjóra leikskólanna.
<b>Janúar</b>	* Elstu börnin í leikskólunum koma í heimsókn í skólana. Fá að skoða grunnskólann og skólavistun. Allir leikskólarnir á Selfossi heimsækja báða grunnskólana.	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskólanna.
<b>Janúar til mars</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>* Samstarf hefst hjá Álfheimum, Árbæ og Vallaskóla annars vegar og Hulduheimum, Jötunheimum og Sunnulækjarskóla hins vegar. Samstarf er einnig hjá Brimver, Æskukot og BES.</li> <li>* Elstu leikskólabörnin koma í heimsóknir í grunnskólana, fá að horfa á sundkennslu og taka þátt í íþróttum og öðrum tínum.</li> </ul>	Deildarstjórar leikskólanna hafa samband við deildarstjóra grunnskóla um fyrirkomulagið og tíðni heimsókna. Leikskólakennrar geta haft beint samband við íþrótta- og sundkennara.

<b>Mars</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>* Innritun leikskólabarna í grunnskólann. Foreldrar sækja um rafrænt inn á Mín Árborg.</li> <li>* Bréf um Vorskólann er sent til foreldra og leikskólanna.</li> </ul>	Deildarstjóri grunnskóla sendir bréfið til foreldra. Einnig er bréfið sent til tengiliðs leikskólanna ásamt skipulagið fyrir Vorskólann.
<b>Apríl</b>	<ul style="list-style-type: none"> <li>* Vorskólinn fer fram. Fyrsta daginn koma börnin í fylgd foreldra í tveimur hópum í skólaheimsókn. Skólastjórnendur taka á móti börnunum og foreldrum, ganga með þeim um skólann og skoða hann. Annan og þriðja daginn fylgja leikskólakennarar börnunum í skólann. Þær heimsóknir fara fram eftir hádegi þar sem starfsmenn grunnskólans taka á móti þeim.</li> <li>* Endurmat á skipulagi Vorskólans fer fram í tölvupósti.</li> </ul>	Deildarstjórar grunnskólanna halda utan um skipulagið fyrir vorskólann.